

Skólaráðsfundur 20. maí 2026 kl. 09:00

Mættir: Bylgja Baldursdóttir skólastjóri, Kolbrún Ósk og Konný Hrund fulltrúar kennara, Hjördís Ýr fulltrúi almenns starfsfólks, Elsa Marta fulltrúi foreldrafélagsins, Sigurður Friðriksson fulltrúi grenndarsamfélags, Embla Ósk og Guðný Björg fulltrúar nemenda.

1. mál – Skólapúlsinn starfsmannakönnun

Skólastjóri fór yfir niðurstöður starfsmannakönnunar. Þær eru að stærstum hluta mjög góðar og það virðist vera góður starfsandi og almenn ánægja í starfsmannahópnum.

2. mál – Næsta skólaár

Skólastjóri kynnti fyrir ráðinu drög að uppröðun kennara næsta vetur.

3. mál – Húsnæðismál

Skýið og Skólasel flytja í húsnæði Sólborgar á næsta skólaári.

4. mál – Endurmenntun

Stór hópur starfsfólks fór til Reims í Frakklandi í endurmenntun. Þeir starfsmenn sem voru eftir heima tóku þátt í námskeiði í Sandgerðisskóla. Allir starfsmenn fóru í skólaheimsóknir bæði utan- og innanlands.

5. mál – Fréttir úr skólastarfinu

Sandgerðisskóli er formlega orðinn Unesco skóli, og er það mikill heiður.

Frábær árangur nemenda skólans í Skólahreysti.

Skólakórinn kom fram í beinni útsendingu á RÚV og hefur tekið þátt í ýmsum öðrum viðburðum á skólaárinu.

Nemendur Sandgerðisskóla lennti í 2. sæti fyrir þátttöku í Lífshlaupinu.

6. mál – Skólaslit og útskrift

Skólaslit verða þrískipt í ár. Nemendur mæta til skólaslita og útskriftar á sal skólans.

kl. 09:00 hjá nemendum í 1. – 4. bekk

kl. 10:30 hjá nemendum í 5. – 8. bekk

kl. 12:00 hjá nemendum í 9. – 10. bekk

7. mál – Foreldrafélagið

Greiðsluseðlar verða sendir til foreldra á næstum dögum.

Foreldrafélagið tekur þátt í vorhátíðinni með því að grilla pylsur og greiða fyrir skemmtikraft.

Ný stjórn FFS tók til starfa á árinu.

8. mál – Nemendaráð

Nemendaráðið hefur staðið fyrir ýmsum viðburðum á skólaárinu.

9. mál – Önnur mál

Almenn ánægja er með fyrirlögn og úrvinnslu stöðu- og framvinduprófa Miðstöðvar menntunar og skólaþróunar.